

10 Minnsta árgjald skal þó vera sem svarar 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. í
20. jan. ástimpluðu rafvélaafli.

3. Ef uppsett rafvélaafli fastra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw. um kwst.mæli, þannig:

Fyrstu	45000	kwst.	ársnotkun	á	25	aura	hver	kwst.
Næstu	105000	—	—	—	22	—	—	—
Umfr.	150000	—	—	—	19	—	—	—

Minsta árgjald skal þó vera kr. 200.00 á hvert kw. af samanlögðu ástimpluðu rafvélaafli.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja rafmagn til súgþurrkunar á heyi.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 20. janúar 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

11
24. jan.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 47 28. febr. 1947.

1. gr.

III. kafli gjaldskrárinnar orðist svo:

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, er miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

	Brunabótamat:	Heimtaugargjald:	Jarðlína:	Loflína:
1.	0— 5000 kr.	300 kr.	170 kr.	
2.	5000— 10000 —	380 —	230 —	
3.	10000— 12500 —	450 —	280 —	
4.	12500— 15000 —	510 —	330 —	
5.	15000— 17500 —	560 —	370 —	
6.	17500— 20000 —	600 —	420 —	
7.	20000— 25000 —	700 —	510 —	
8.	25000— 30000 —	780 —	600 —	
9.	30000— 40000 —	880 —	650 —	
10.	40000— 50000 —	980 —	700 —	
11.	50000— 60000 —	1060 —	750 —	
12.	60000— 70000 —	1100 —	790 —	
13.	70000— 80000 —	1140 —	830 —	
14.	80000— 90000 —	1170 —	870 —	
15.	90000— 100000 —	1200 —	900 —	
16.	100000— 125000 —	1250 —	950 —	
17.	125000— 150000 —	1300 —	1000 —	
18.	150000— 200000 —	1400 —	1050 —	
19.	Yfir 200000 —	1500 —	1100 —	

Heimilt er að miða við umreiknað brunabótamat eftir visitölu byggingarkostnaðar, er Hagstofa Íslands reiknar út.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 m, loftlínuheimtaugar meiri en 40 m og gildleiki víra meiri en 2×70 qmm., skal húseigandi kosta það, sem þar er fram yfir. Standi sérstaklega á, eða séu óvenjulega miklir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða annan kostnað við siðari heimtaugar eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar er lokið er lagningu heimtaugar.

2. gr.

Í stað „3 kr.“ í IV. kafla 1 og 2 gjaldskrárinnar komi: 20 kr.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 24. janúar 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Ísafjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenn-ingur fer um, eða ætlað er til almennings afnota, svo sem leikvelli, sölutorg, bryggjur, bólvirki o. s. frv. Um veitingastaði, almennar knattþórðsstofur, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h., kvikmyndahús, leikhús og önnur samkomuhús, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa, á bryggjum við skipakomur eða annars staðar, þar sem almenn-ingur kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að þeir sem fyrst koma fái fyrstir afgreiðslu, og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur, til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt né hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu, eða ónáðar vegfarendur, viðstadda, eða þá sem húa í nágrenninu.